

I.tbl.

4. jan. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Félagsstarf 60 ára og eldri í Pingeyjarsveit

Opin hús í janúar verða á þriðjudögum eins og hér segir:

10. janúar - Stórutjarnaskóli (félagsvist)

17. janúar - Framhaldsskólinn Laugum-Matsalur

24. janúar - Pingeyjarskóli

31. janúar - Stórutjarnaskóli

Hádegismatur er í boði kl. 13 og kostar 800 kr.

Peir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta fyrir hádegi á mánudeginum fyrir samverustund

Pingeyjarskóli - 464 3583

Stórutjarnaskóli - 4643222

Laugar - 863 3381 (Hanna M.) - 898 0463 (Svana)

Boccia hefst kl. 12 í Stórutjarnaskóla þegar samvera er þar, og mun Ásgrímur stjórnari af alkunnri snilld. Eins og vanalega verður ýmislegt til skemmtunar s.s. hjóðfæraleikur, myndasýningar, upplestur og leikir. Félagsvist verður spiluð í sirka þriðja hvert skipti og allar hugmyndir að afþreyingu eru vel þegnar.

Í Mývatnssveit er félagsstarf eldri borgara alla fimmtudaga kl. 13 og hefst eftir jólafrí með leikfimi hjá Ástu Price í íþróttahúsinu 12. jan.

Félagsstarfið er í boði fyrir 60 ára og eldri og eru allir hvattir til að mæta.

Hlökkum til að sjá ykkur,
Hanna Magga, Díska og Svana



Auglýsing um skipulagsmál í Þingeyjarsveit Breyting deiliskipulagi Voga 1

Skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar samþykkti þann 14. desember 2022 að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Voga 1 skildi auglýst skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsáformin fela í sér afmörkun lóðar og byggingarreiðs fyrir frístundahús og færslu þjónustuhúss vegna gístireksturs. Að auki er fyrirhuguðum aðkomuvegi frá Mývatnssveitarvegi hliðarað til.

Tillagan með umhverfisskýrslu verður aðgengileg á heimasíðum sveitarfélagsins, www.skutustadahreppur.is og www.thingeyjarsveit.is og á skrifstofum sveitarfélagsins. Tillagan er auglýst með umsagnarfresti frá og með miðvikudeginum 21. desember til og með föstudeginum 3. febrúar 2023. Umsagnir við tillöguna skulu berast skipulagsfulltrúa á netfangið atli@thingeyjarsveit.is eða skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn.

f.h. Þingeyjarsveitar

Nýársmessa í Draflastaðakirkju

Nýársmessa verður í Draflastaðakirkju
Sunnudaginn 8. janúar kl. 14:00

Allir velkomnir

Sr. Hafdís L Davíðsdóttir



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Ath ! Verðskrá hækkar nú um áramót í takti við verðhækkanir hjá Póstinum og vegna verðhækkana á aðföngum tengdum framleiðslu Hlaupastelpunnar.

Verðskrá:

<i>Hálfsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 4.350.- m.vsk</i>
<i>heilsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 6.300.- m.vsk.</i>

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



Harmonikufélag Pingeyinga

heldur bögglauppboð og dansleik í Ljósvetningabúð
7. janúar 2023 kl. 20:30 til kl. eitt eftir miðnætti.
Aðgangseyrir kr. 3.000- ekki posi.

Uppboðshaldari Jón Helgi Jóhannsson
Danstónlist Sigurður Tryggvason

Allir velkomnir og skemmtum okkur vel.

Stjórn H.F.P.



Söngfélagið Sálubót

sendir bestu óskir um gleðilegt og söngelskt nýtt ár
Þökkum stuðninginn á liðnum árum.

Fyrsta æfing ársins verður í Stórutjarnaskóla þriðjudaginn
10 janúar kl 20:00.og hefst með aðalfundi .

Nýir félagar velkomnir.

Söngfélagið Sálubót